

Greiningarrammi fyrir jafnréttismat

Jafnréttismat í fimm skrefum

Hefur aðgerðin bein eða óbein áhrif á fólk eða hópa?

- Hvert er markmið aðgerðarinnar og að hverjum beinist hún?
- Getur aðgerðin haft ólík áhrif á fólk eftir kyni, aldri, stöðu, fötlun, uppruna, kynvitund eða öðrum þáttum?
- Hafðu í huga að aðgerð sem í fyrstu viðist hlutlaus gæti haft ófyrirséð áhrif eða skapað hindranir.



Ef aðgerðin hefur hvorki bein né óbein áhrif á fólk eða hópa er ekki þörf á frekara jafnréttismati. **Gerðu grein fyrir því hvers vegna talið er að aðgerðin hafi ekki áhrif á jafnrétti.** Það er mikilvægt því það sýnir að upplýst ákvörðun hafi verið tekin um að ekki sé þörf á jafnréttismati.

Hvaða ályktun má draga eftir að hafa skoðað stöðu kynjanna í málaflokknum?

- Hvaða kynjamynstur kemur þú auga á? Hefur tiltekið kyn betri stöðu af einhverjum ástæðum?
- Er líklegt að aðgerðin viðhaldi þessari stöðu, auki misrétti/kynjabil eða stuðli að jafnrétti?
- Hafðu í huga hver áhrifin kunna að verða á mismunandi hópa, t.d. eftir aldri, þjóðernisuppruna, fötlun, fjárhagslegri- og samfélagslegri stöðu.

Gott er að nota vinnuskjalid [Sniðmát fyrir jafnréttismat fjárlagatillagna](#) í þessu skrefi.




Er munur á stöðu kynjanna í málaflokknum?

- Hvernig passar markmið aðgerðarinnar við markmið í jafnréttismálum?
- Eru til kyngreind gögn um málaflokkinn?
- Er nauðsynlegt að afla frekari gagna?

Gerðu grein fyrir niðurstöðu jafnréttismats

Til hamingju! Þú ert komin á síðasta og mikilvægasta skrefið, að gera grein fyrir niðurstöðu jafnréttismats. Kannski liggur niðurstaða jafnréttismatsins í augum uppi en oft er niðurstaðan matskennd. Það getur því verið snúið að komast að niðurstöðu og mörg eru tvístígandi við að draga ályktanir. Mundu að jafnréttismatið byggir á gagnaöflun og greiningu sem þú hefur unnið með skipulegum hætti. Markmiðið er að upplýsa þau sem taka ákvörðun um hugsanleg áhrif aðgerðarinnar á jafnrétti. Kannski er niðurstaðan sú að tilefni sé til að ráðast í ítarlegri greiningu á jafnréttisáhrifum aðgerðarinnar. Samhengið skiptir máli og því er mikilvægt að greina frá þeim forsendum sem matið byggir á. Reyndu að skrifa knappan texta, jafnvel í punktaformi. Skráðu niðurstöðuna í viðeigandi kerfi.



Ef aðgerðin er líkleg til að auka misrétti og/eða kynjabil hvað er þá hægt að gera svo hún stuðli að jafnrétti?

- Væri hægt að hreyfa við núverandi stöðu kynjanna með aðgerðinni í átt að auknu jafnrétti?
- Er hugsanlega hægt að ráðast í mótvægisáðgerðir eða aðlaga aðgerðina þannig að hún verði líklegri til að stuðla að jafnrétti?
- Hafðu í huga að það getur verið eðlilegt að aðgerð gagnist frekar einu kyni (eða einum hóp) ef það hallar á það kyn (eða hóp). Slík aðgerð myndi stuðla að jafnrétti, ekki auka misrétti og/eða kynjabil.

Gagnvirka útgáfu af greingarrammanum má finna á vefsíðu Stjórnarráðsins. Þar er vísað í fræðsluefni og dæmi sem gagnast í hverju skrefi. Mikið er til af fræðsluefni um jafnréttismat. Vefnámskeið um jafnréttismat hjá Stjórnarráðsskólanum er góður inngangur að því hvað felist í jafnréttismati. Þá er [Kynjasambætting - Verkferakista](#) gott fræðslurit um jafnréttismat.